

Fundur í Beta deild haldinn 6. október 2014 á Amtsbókasafninu á Akureyri

Mættar voru 18 konur og 1 gestur

1. Setning fundar

Björk formaður setti fund og bauð konur velkomnar. Hún bauð Mörtu Lilju Ólsen sérstaklega velkomna, sem er flutt frá Ísafirði til Akureyrar og hefur óskað flutnings yfir í Beta deild. Henni var vel fagnað. Þá flutti Björk kveðjur frá fjarstöddum konum.

Lilja Sæmundsdóttir kveikti síðan á kertunum.

2. Orð til umhugsunar

Jóhanna Þorsteinsdóttir flutti orð til umhugsunar og las úr nýrri bók Sverris Pálssonar fyrrverandi skólastjóra sem heitir *Atvik úr æsku minni*. Sagði hún frá Sibbu (Sigurbjörgu) sem kom sem niðursetningur að Mýri í Bárðardal. Þetta var á árunum milli 1930 og 1940 og þá voru húsráðendur þar Jón Karlsson og Aðalbjörg Jónsdóttir og var Aðalbjargar sérstaklega minnst þar sem hún hafði sinnt þessum niðursetningi mjög vel.

3. Fundargerð

Ragnheiður Sig. ritari las fundargerð síðasta fundar og voru smá breytingar gerðar.

4. Inntaka nýrra félaga

Ein kona var tekin inn í deildina, Elín Magnúsdóttir grunnskólakennari. Hún var boðin hjartanlega velkomin með góðum óskum.

5. Gestur kvöldsins

Gestur kvöldsins var Brynhildur Bjarnadóttir lektor við Háskólann á Akureyri sem talaði um umhverfismál í mjög víðum skilningi. Hún velti upp spurningunni - hvað er umhverfi? Er það veröldin í kringum okkur, sem er víð túlkun eða umhverfið á vinnustað, sem er þröng túlkun. Hún nefndi náttúrusiðfræði sem spyr spurningarinnar – af hverju? Einnig hvort það séu hagsmunir mannkyns eða náttúrunnar sem ráða í umhverfismálum. Hún talaði um að það ætti að leggja að jöfnu, kurteisi gagnvart fólki og kurteisi gagnvart náttúrunni. Hún ræddi um grænt hagkerfi – meiri sjálfbærni. Hún ræddi einnig um að við hefðum gengið mjög á auðlindir jarðar og voru úrgangsmál henni mjög hugleikin og hvernig við munum skila jörðinni til komandi kynslóða. Skógarkerfill varð einnig til umræðu, en hann herjar mjög á svæði hér í Eyjafirði, ýmsar rannsóknir hafa verið gerðar á því hvernig best er að eyða honum, en þar virðist ekkert duga nema gjöreyðingareitur. Það hljómar mjög illa í eyrum Beta systra.

Umræður voru frjóar og var margt til umhugsunar eftir þennan fróðlega fyrirlestur Brynhildar. Henni var vel þakkað fyrir að koma og fræða okkur.

6. Kaffi og happdrætti

Nú var gert kaffihlé og voru frábærar veitingar bornar á borð og skilaði kaffinefndin sínu með sóma.

Dregið var í happdrættinu og fékk Björk vinninginn og hafði Sigríður komið pakka á fundinn, þó hún væri sjálf fjarverandi, en hún vann síðasta vinning.

Pyngjan góða var látin ganga.

7. Erindi frá stjórn

Björk lét félagatal Beta deildar ganga og bað konur að lesa yfir upplýsingar um sig sjálfar og gera athugasemdir ef þyrfti.

Margrét Kristín ræddi síðan árgjaldið. Gjaldið suður til samtakanna verður áfram 8000 kr. og verður tekin ákvörðun um hækkun á næsta aðalfundi þeirra í vor. Ákveðið var að árgjald Beta deildar skyldi hækkað úr 5000 í 6000 kr. og yrðu þessar 1000 kr aukaframlag þar til á aðalfundi okkar í vor. Þessi ákvörðun var samþykkt með handauppréttingu.

8. Önnur mál

Minný spurði um þemað - Móðir jörð - sem ákveðið er að vinna eftir. Björk svaraði að þetta væri mjög vítt efni og gæti komið víða við og voru konur hvattar til að koma með tillögur að fyrirlesurum. Halldóra kom með þá uppástungu að hægt væri að fara út á við og t.d. gróðursetja tré og vakti það mikla ánægju hjá konum.

Kynnt var að næsti fundur yrði í Menntaskólanum á Akureyri 29. okt. og gestur yrði Kristín Sigfúsdóttir.

Fundi slitið kl. 21:50

Fundargerð ritaði,

Ragnheiður Sigurðardóttir.